

Námsáætlun í textílmennt veturinn 2016-2017 7. bekkur

Áfangalýsing og kennsluhættir

7. bekkur er 3 sinnum í viku í textílmennt, 80 mínútur í senn ¼ af vetrinum. Nemendur þjálfast í undirstöðuatriðum vélsaums, læri að brjóta tvíbrottinn fald, að gera hnappagat og festa tölu. Nemendur læra að fara vel með efni og að nýta efnisafganga í bótasaum. Nemendur rifja upp að sauma varplegg. Þeir kynnast nokkrum þrykkaðferðum og þrykkja á bol. Nemendur æfa uppfitjun, að prjóna slétt og brugðið, læra að nota hringprjón, og einfalda úrtöku. Þeir læra um tilurð silkis. Verkefnin verða lögð inn fyrir allan hópinn og vinnuferlið útskýrt. Síðan einstaklings- og parakennsla. Lögð verður áhersla á að hver nemandi er einstakur og reyni að gera **SITT** besta. Allir vinna eftir sínum forsendum og á sínum hraða. Sérstök áhersla verður á hjálpssemi og samvinnu

Tímab	Viðfangse.	Lýsing	Hæfniviðmið aðalnámsskrár
	Umgengni	Rifja upp umgengnisreglur í stofunni	Sameiginleg f. list- og verkgreinar
	Saumavélar-hæfni	Þræða saumavélina og spóla. Sauma saman 2 búta, beint spor meðfram brún og fyrir horn. Sikksakka yfir brúnir. (1,2,4,5,6,7,8)	Menningarlæsi Nemandi getur: 1 hagnýtt leikni og þekkingu sem nem. hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni, 2 tekið tillit til annarra í hópinnu og sýnt frumkvæði, 3 haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni, 4 beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir, 5 gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans, 6 sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði, 7 lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
	Útsaumur-vélsaumur - tölur Púði, poki eða koddaver	Draga upp eða teikna stafi og etv. annað á léreft. Lita með fatatússlitum ef vill. Læra að sauma varplegg. Þjálfast í að næla saman efni, í beinum saum og sikksakki. Læra að nota faldamat og gera tvíbrottinn fald, að sauma hnappagöt og festa tölur. (1,4,5,6,7,8,11)	textílmennt Handverk, aðferðir og tækni Nemandi getur: 8 beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar, 9 unnið með einföld snið og uppskriftir.
	Prjón Húfa úr grófu garni	Æfa að fitja upp, læra að prjóna slétt og brugðið til skiptis og að nota hringprjón. Læra að taka úr. Læra að fara eftir einfaldri prjónauppskrift. (1,4,5,6,7,8,9,10,11)	Sköpun, hönnun og útfærsla Nemandi getur: 10 Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli 11Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla
	Taupþrykk Þrykkt á bol	Læra nokkrar aðferðir við að þrykkja á efni með stimplum og skapalónum. Velja eina aðferðina, búa til eigin stimpil/stensil og þrykkja á bol . (1,2,4,5,6,7,8,10,11)	Menning og umhverfi Nemandi getur: 12 gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.
	Bótasaumur mynd/púði	Læra að nota strauflísélín til að líma bót á efni. Sikksakka yfir brúnit með þétu spori, nýta efnisafganga (1,3,4,5,6,7,8,10,11,12)	
	Efnisfræði	Læra um tilurð silkis frá fiðrildi til spuna og vefnaðar, með því að horfa á fræðslumyndbönd (12)	

Námsgögn

Efni: Léreft, bolir, fleesofix, útsaumsgarn, gróft prjónagarn, taupþrykkslitir, fatatússlitir og fl.
Áhöld: Saumavél, straujárn, nálar, tituprjónar, skæri, málbönd, faldamat, hringprjónar, stenslar, stimplar og fl.

Námsmat

Námsmat tekur mið af völdum hæfniviðmiðum aðalnámsskrár og eftirfarandi lykilhæfnipáttum: virkni í samvinnu, þrautseigju, sjálfstæði og ábyrgð. Þá er almenn færni í námsgreininni metin. Námsmatið fer fram jafnt og þétt yfir tímabilið.

Kennari

Marta Aðalh. Hinriksdóttir; Martaa@akmennt.is